

Nr. 140 / 10 Sæfari GK 50**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr. nr. 6702
Smíðaður: Hafnarfjörður 1985, plast
Stærð: 5,9 brl. 5,3 bt.
Mesta lengd: 8,4 m Skráð lengd: 7,96 m
Breidd: 2,69 m Dýpt: 1,46 m
Vél: Perkins 140 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 2



Sæfari©Inga Jóhannesdóttir

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. október 2010 var Sæfari GK 50 á siglingu norður af Engey. Veður: N 10-11 m/s.

Á siglingu úr Hvalfirði til Reykjavíkur stöðvaðist vélin skammt norður af Engey. Eftir lauslega athugun á ástæðu vélarstöðvunarinnar og árangurslausar gangsetningar hennar hafði formaður samband við Vaktstöð siglinga og óskaði eftir aðstoð til að komast til hafnar.

Björgunarskipið Ásgrímur S. Björnsson dró bátinn til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að við skoðun á brennsluolíukerfi vélarinnar reyndist það stíflað og var skipt um forsíu og fínsíu. Einnig var allri olíu tappað undan olíugeyminum sem er botngeymir úr ryðfríu stáli;
- að sögn formanns komu mikil óhreinindi úr tanknum sem virtist vera einskonar gróður. Í upphafi ferðar var tankurinn um það bil hálfur og var olían farin að minnka verulega þegar vélin stöðvaðist. Taldi formaður að verulega hafi gruggast upp í tanknum vegna veltings;
- að báturinn hafði legið ónotaður í höfn frá því strandveiðum lauk í byrjun ágúst.

Nefndarálit:

Orsök vélarstöðvunar voru óhreinindi í olíutank vegna skorts á umhirðu.